



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Heildarendurskoðun umferðarlaga

**Umferðarþing 2008, Grand Hótel,
Miðvikudaginn 26. nóvember 2008**

**Prófessor Róbert R. Spanó, formaður
nefndar um endurskoðun umferðarlaga**

Skipun nefndarinnar

- Róbert R. Spanó, formaður.
- Gunnar Narfi Gunnarsson, dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.
- Jón Haukur Edwald, Ökukennarafélagi Íslands.
- Karl Ragnars, Umferðarstofu.
- Kolbrún Sævarsdóttir, Embætti ríkissaksóknara.
- Ólafur Kr. Guðmundsson, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda.
- Signý Sigurðardóttir, Samtök verslunar og þjónustu.
- Birna Hreiðarsdóttir, samgönguráðuneytinu.

Markmið endurskoðunarinnar

1. Færa gildandi ákvæði til nútímalegra horfs með því að taka mið af reynslu síðastliðinna tveggja áratuga og þróun í umferðarmálum.
2. Lagfæra þau ákvæði í gildandi lögum sem eru óskýr eða haldin annmörkum, einkum að teknu tilliti til breytinga á mannvirkjagerð í umferðinni og á umferðarmenningunni.
3. Stuðla að frekari samræmingu innlendrar umferðarlöggjafar og alþjóðlegra samninga um umferðarmál, m.a. með hliðsjón af þeirri þróun sem hefur átt sér stað á alþjóðavettvangi frá samningu gildandi laga.

Markmið endurskoðunarinnar

4. Taka til athugunar hvort og þá að hvaða marki gera skuli breytingar á þeirri almennu framsetningu gildandi laga að ráðherra sé fengið víðtækt vald til að setja nánari fyrirmæli um einstök atriði í stjórnvaldsfyrirmæli, og þá leitast við að lögfesta í ríkari mæli í umferðarlögin sjálf grundvallar efnisreglur á einstökum sviðum.
5. Taka til skoðunar og gera tillögur um tiltekna efnisbreytingar á ákvæðum gildandi laga, einkum með það að markmiði að auka öryggi í umferðinni og auka varnaðaráhrif viðurlaga.

Helstu stefnumið sem endurskoðunin beinist að – ákvarðanir sem liggja fyrir

1. Gildissvið umferðarlaga verður gert skýrara og byggt á þeirri grundvallar stefnumörkun að meginákvæði laganna eigi aðeins við um umferð á vegum sem ætluð eru vélknúnum ökutækjum sem eru skráningarskyld. Öll nauðsynleg frávik frá þessari meginreglu komi síðan skýrt fram í lögnum sjálfum.
2. Viðhaldið verður þeirri stefnumörkun sem sögulega hefur verið lögð til grundvallar hér á landi og í Danmörku að í upphafi laganna sé að finna ítarleg ákvæði þar sem öll helstu orð og hugtök eru skilgreind.
3. Ákvæði XIII kafla gildandi laga um fébætur og váttryggingu eru afnumin með það í huga að sérlög um ökutækjatrýggingar verði lögfest.
4. Reglugerðarheimildum verður fækkað verulega frá gildandi lögum og þeim, sem eftir standa, safnað saman í eitt heildar-ákvæði, sem gerir ráð fyrir setningu Almennrar reglugerðar um umferðarmál.

Helstu stefnumið sem endurskoðunin beinist að – Fyrirliggjandi álitæfni

1. Á að taka þá almennu réttarpólítísku ákvörðun að stefnumörkun í umferðarlöggjöf og þróun umferðarmenningar taki mið af svokallaðri “núllstefnu”?
2. Á að rýmka gildssvið umferðarlaga um bann við ölvunarakstri þannig að leyfilegt áfengismagn í blóði ökumanns verði lækkað úr 0,5‰ í 0,2‰?
3. Á að hækka ökuleyfisaldur úr 17 árum í 18 ár?
4. Á að breyta skilyrðum til að viðhalda fullnaðarskírteini og setja á laggirnar raunhæfara og skilvirkara kerfi við mat á aksturshæfni ökumanna?
5. Á að gera ráð fyrir að eigandi eða umráðarmaður ökutækis geti eftir atvikum sætt hlutlægri refsíabýrgð, þ.e. án þess að þurfi að sýna fram á sök hlutaðeigandi?
6. Á að tekjutengja sektir vegna brota á umferðarlögum?

Verklag nefndarinnar

1. Reglulegir fundir nefndarinnar.
2. Forgangsatíði nefndarmanna.
3. Fundir með hagsmunaaðilum.
4. Fundir með sérfræðingum á sviði umferðarmála.
5. Öflun upplýsinga og gagna um erlenda löggjöf og þróun á sviði umferðarmála.
6. Greining á innlendum og erlendum rannsóknum á sviði umferðarmála.
7. Gerð frumvarpsdraga ásamt heildstæðri greinargerð.